

# Árangursstjórnun og markmiðasetning í fjármálum

## Hafnarfjarðarkaupstaður

Samantekt til bæjarstjóra
28. október 2026

# Fyrirvari

**Meðfylgjandi samantekt er byggð á greiningum á fyrirliggjandi fjárhagsupplýsingum Hafnarfjarðarkaupstaðar, rýni á helstu forsendum fjárhagsáætlana bæjarins, upplýsingum úr viðtölum og samráði við stjórnendur auk ýmissa annarra opinberra upplýsinga. Samantektin var unnin til kynningar fyrir bæjarstjóra og fjármálastjóra sveitarfélagsins og til kynningar fyrir kjörnum fulltrúum.**

**Útkomuspá fyrir árið 2026 sem vísað er til í samantekt þessari byggir meðal annars á árshlutareikningi Hafnarfjarðarbæjar 30. júní 2026, uppfærðum forsendum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026 og öðrum upplýsingum frá stjórnendum sveitarfélagsins. Útkomuspáin er áfram til frekari rýni hjá stjórnendum sveitarfélagsins og kann að eiga eftir að taka breytingum.**

Um er að ræða upplýsingar sem teknar voru saman af KPMG fyrir stjórnendur Hafnarfjarðarkaupstaðar og ber ekki að túlka sem sérfræðiálit eða ráðgjöf um val á tilteknum leiðum. Skjal þetta er vinnuskjal til kynningar og er hluti af stærra verkefni sem er í vinnslu og áætlað er að ljúki á næstu vikum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök áreiðanleikakönnun í tengslum við gerð samantektarinnar. Af þeim sökum getur KPMG ekki ábyrgst áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni skjalsins í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Eðli máls samkvæmt eru áætlanir og útkomuspár háðar ýmsum óvissum forsendum sem kunna að taka breytingum. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli skjalsins. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skjalsins er hjá sveitarfélaginu.

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# 01
# Stjórnendayfirlit

# Stöðumat og næstu skref

## 01

### Fjárhagsleg staða

- Fjárhagsleg staða Hafnarfjarðarbæjar hefur þyngst á síðustu misserum og skuldir aukist, einkum í A-hluta sveitarfélagsins.
- Framlegðarstig rekstrar A-hluta er undir almennum viðmiðum, veltufé frá rekstri er of lágt og hefur farið lækkandi.
- Núverandi fjármunamyndun rekstrar A-hluta stendur ekki undir afborgunum skulda og skuldbindinga.
- Vaxandi skuldsetning gerir að öðru jöfnu kröfu um aukna framlegð þar sem stærri hluti tekna fer til greiðslu vaxta og afborgana af lánum.

## 02

### Fjárhagsleg þróun og viðmið

- Á sama tíma og fjármunamyndun (veltufé frá rekstri) hefur dregist saman, eru fjárfestingar sveitarfélagsins umtalsverðar.
- Fjárfestingatekjur, þ.e. gatnagerðargjöld og tekjur af sölu byggingarréttar, hafa einnig minnkað verulega á síðustu misserum.
- Samspil þessara þátta hefur leitt til þess að skuldsetning A-hluta hefur aukist töluvert og skuldaviðmið hefur hækkað.
- Mikilvægt er að sett verði skýr markmið í fjármálum og rekstri sem styðji við sjálfbæran rekstur sveitarfélagsins.

## 03

### Forgangsröðun næstu skrefa


- Forgangsatriði er að bæta grunnrekstur A-hluta þannig að framlegð verði viðunandi og uppfylli opinber lágmarksviðmið, sem og fjárhagsleg markmið sem sveitarfélagið setur sér.
- Aukinni framlegð má ná fram með aðgerðum í rekstri sem draga úr rekstrarútgjöldum og/eða auka tekjur A-hlutans.
- Jafnframt verði hægt á fjárfestingum með markvissri forgangsröðun og þannig dregið úr skuldsetningu sveitarfélagsins.
- Leita þarf leiða til að bæta nýtingu eigna og skoða möguleika á sölu eigna sem ekki tilheyra grunnþjónustu sveitarfélagsins.

KPMG

# Framlegð og rekstrarþróun

## Útkomuspá 2026 bendir til þess að grunnrekstur sé áfram veikur

### Framlegðarhlutfall – A-hluti




### Ársreikningur 2025

Framlegðarhlutfall A-hluta var **4,6%** og um **2,8 ma.kr.** undir lágmarksviðmiði EFS*.
Sé litið á grunnrekstur** var hlutfallið **3,6%** og aðlöguð framlegð **3,1 ma.kr.** undir viðmiði um lágmarksframlegð.

### Árshlutauppgjör 30.6.2026

Framlegð A-hluta nam **335 m.kr.** (1,4%) samanborið við **2,6 ma.kr.** í áætlun fyrir sama tímabil og var því **87,3%** undir settu marki.
Ljóst er að rekstrarniðurstaða A-hluta 2026 verður mun lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

### Kjarni máls

Rekstur A-hluta er að óbreyttu **ósjálfbær** og rauntölur sýna að ekki er um tímabundna áskorun að ræða. Ráðast þarf í rekstrar-umbætur og **styrkja grunnrekstur bæjarins**.


*EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga; **Grunnrekstur hefur verið leiðréttur fyrir fjárfestingatekjum, söluhagnaði eigna og gjaldfærðri breytingu á lífeyrisskuldbindingu.
Heimild: Ársreikningar Hafnarfjarðarbæjar 2016–2025 og útkomuspá stjórnenda fyrir árið 2026.

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Veltufé frá rekstri og greiðslugeta

## Ófullnægjandi fjármunamyndun kallar á aðgerðir í rekstri og aðlögun fjárfestinga

### Veltufé frá rekstri / heildartekjum – A-hluti




Heimild: Ársreikningar Hafnarfjarðarbæjar 2016–2025, útkomuspá stjórnenda fyrir árið 2026.
* Ath. Endurfjármögnun langtímalána skýrir háar afborganir árin 2019 og 2020.

### Ársreikningur 2025

Veltufé frá rekstri A-hluta nam **681 m.kr.** eða einungis **1,4%** af tekjum. Afborganir langtíma-lána og -skuldbindinga námu **3,4 ma.kr.** og því hefði fjármunamyndun rekstrar þurft að vera **2,7 ma.kr.** hærri til að mæta þeim.

### Árshlutauppgjör 30.6.2026

Veltufé frá rekstri nam **0,2%** af heildartekjum á fyrri hluta árs 2026. Þannig myndaði rekstur A-hluta **enga fjármuni**, hvorki til afborgana né fjárfestinga. Afborganir námu **1,7 ma.kr.** og fjárfestingar **2,9 ma.kr.** á tímabilinu.

### Kjarni máls


A-hluti ræður ekki við núverandi greiðslubyrði með fjármunum úr rekstri og hefur ekki gert síðustu ár. Bæjaryfirvöld þurfa að ráðast strax í **rekstrarumbætur** og **laga fjárfestinga-áform að greiðslugetu** bæjarins.

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Skuldastaða og svigrúm til lántöku

## Hröð skuldasöfnun hefur þrengt verulega svigrúm til frekari skuldsetningar

### Skuldaviðmið – A-hluti




*Viðmið samkvæmt frumvarpi til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 frá því í september 2026.
Heimild: Ársreikningar Hafnarfjarðarbæjar 2021–2025 og útkomuspá stjórnenda fyrir árið 2026.

### Ársreikningur 2025

Skuldaviðmið A-hluta hefur hækkað á undanförnum árum, úr **84%** árið 2023 í **104%** árið 2025. Sveitarfélagið skuldar þannig jafn mikið nettó og það hefur í tekjur á ársgrunni, að teknu tilliti til frádráttarliða skuldaviðmiðs.

### Útkomuspá og áætlun

Gangi útkomuspá 2026 eftir verður skulda-viðmið A-hluta um **118% í lok árs**, sem er nærri boðuðu 130% hámarksviðmiði. Svigrúm til skuldsetningar nemur þá um **5,9 ma.kr.** en sem dæmi var lántaka **5,6 ma.kr.** árið 2025.

### Kjarni máls

Aukin skuldsetning er **afleiðing ójafnvægis** í fjármunamyndun og fjárfestingum, en þróunin 2023–2025 hefur þegar sett **auknar kröfur** á reksturinn með aukinni greiðslubyrði. Svigrúm til frekari skuldsetningar er því **takmarkað**.

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Lykilniðurstöður úr samráði við stjórnendur

## Helstu tækifærin felast í markvissari stýringu á launakostnaði og mönnun, skýrari ákvörðunum um þjónustustig, betri undirbúningi verkefna, auknum aga og aukinni kostnaðarvitund stjórnenda, þvert á starfsemina.

### Þjónustustig og lögbundin þjónusta

Þjónustustig þarf að byggja á upplýstri ákvörðun og kostnaðarmati. Greina þarf á milli lögbundinnar þjónustu, lágmarksþjónustu og þeirrar viðbótarþjónustu sem sveitarfélagið kýs að veita.

### Betri undirbúningur

Þetta á við um framkvæmdir, ný verkefni í rekstri, kerfisinnleiðingar og ráðningar. Kallað er eftir lengri undirbúningstíma og skipulagðara og formlegra ferli.

### Launakostnaður og mönnun

Launaáætlun er stærsta stjórntækið þvert á reksturinn. Skýrari ákvarðanir um stöðugildi, yfirvinnu, vaktir, veikindi og tengsl mönnunar við þjónustumagn.

### Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun þarf að byggja á þróun þjónustunnar, ekki miðast eingöngu við fyrri útgjöld. Mikilvægt er að áætlunum sé fylgt eftir með markvissum hætti og virðing borin fyrir fjárheimildum.

### Stafræn þróun og markviss stýring kerfa

Ávinningur er talinn geta falist í einfaldari ferlum, betri upplýsingum og markvissari leyfa- og kerfisnotkun.

### Ný verkefni og þjónustustig

Verkefni og þjónusta bætast sífellt við en önnur falla sjaldan niður á móti. Þetta kallar á skýrari forgangsröðun og mat á langtímaáhrifum.

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Mannauður og þjónusta

## Þörf er á skýrum aga og aðhaldi til að styrkja grunnrekstur og skapa varanlegt fjárhagslegt svigrúm.

### Mögulegar aðgerðir gætu verið:

### 1. Ráðningabann

Setja á ráðningabann og miðlæga ráðninganefnd.
Meta tilfærslu verkefna áður en ráðið er í laus störf.

### 2. Yfirvinna og vaktir

Setja þak á yfirvinnu og samræma viðbótargreiðslur.
Endurmeta vaktir, rýna orsakir veikindafjarvista og þörf fyrir afleysingar.

### 3. Tímabundnar ráðningar

Ráðningar hafi skýran lokadag og endurmat.
Koma í veg fyrir að tímabundinn kostnaður festist sjálfkrafa í rekstri.

### 4. Forgangsröðun verkefna

Endurmeta þjónustu umfram lögbundnar skyldur.
Krefjast fjármögnunar og mótvægisaðgerða fyrir ný verkefni.

### 5. Sameining rekstrareininga

Sameina rekstur og draga úr stjórnunar- og stoðlagi.
Samnýta mannauð, fasteignir og einfalda ferla.

### 6. Mönnunarlíkön

Tengja mönnun við þjónustumagn og fagleg viðmið.
Endurmeta stuðningsþörf og skoða sumarlokanir stofnana.

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Útgjöld og eignir

## Aðgerðir kalla á ákvarðanir þvert á málaflokka og skýra forgangsröðun fjármuna.

### Mögulegar aðgerðir gætu verið:

### 7. Samþykki þjónustuúrræða

Sameina faglegt mat, kostnaðarmat og fjárheimildir.
Uppfæra SIS-mat, NPA-samninga, samþykki fyrir skólaþjónustu og önnur kostnaðarsöm úrræði.

### 8. Kostnaðarþátttaka

Tekjutengja niðurgreiðslur þar sem við á.
Endurskoða gjaldskrár innan gildandi lagaheimilda.

### 9. Efla sameiginleg innkaup

Nýta umfang viðskipta og stærð til hagkvæmni í innkaupum.
Sameina samninga, t.d. yfirfara hugbúnaðarleyfi og áskriftir.
Draga úr þjónustu og útgjöldum utan grunnþjónustu.

### 10. Sala og nýting eigna

Selja, leigja út eða samnýta eignir utan kjarnastarfsemi.
Leysa fyrst þarfir notenda. Nýta sölu eigna til að draga úr skuldsetningu, ekki til fjármögnunar á rekstri.

### 11. Frestun fjárfestinga

Fresta fjárfestingaverkefnum sem eru ekki hafin eða samningsbundin. Verja öryggi, viðhald og grunnþjónustu með markvissri forgangsröðun.

KPMG

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Versnandi staða kallar á viðbrögð

**Rekstrarforsendur hafa breyst til verri vegar á síðustu mánuðum sem kallað hefur á endurmat á stöðunni og mögulegum viðbrögðum við henni.**

## Skýr þörf fyrir aðgerðir

Þörf er á markvissum aðgerðum sem bæta rekstur og auka fjárstreymi. Mikilvægt er að öll svið og málaflokkar leggi sitt af mörkum til úrbóta í rekstri.

### Nýjar upplýsingar úr árshlutauppgjöri

Árshlutauppgjör 30. júní sýnir dekkri mynd en áætlað var. Að mati stjórnenda sveitarfélagsins má búast við að neikvæð frávik kunni að vaxa á seinni hluta ársins.

### Endurmetin útkomuspá fyrir yfirstandandi ár

Uppfærð útkomuspá sem tekur mið af árshlutauppgjöri, sýnir þungan rekstur og ónóga fjármunamyndun. Breytingar eru nauðsynlegar á rekstri og fjárfestingum til að A-hlutinn verði fjárhagslega sjálfbær til framtíðar.

### Takmarkað svigrúm til að bíða

Samkvæmt nýjustu fjárhagsupplýsingum er ekki hægt að horfa framhjá vandanum. Fjárhagsstaðan hefur þyngst, lántökur aukist og mikilvægt er að grípa til markvissra aðgerða sem fyrst til að bæta rekstur A-hlutans.

KPMG

# Fjárhagslegur aðskilnaður A- og B-hluta

A-hluti er meginhluta til fjármagnaður með skatttekjum og ber ábyrgð á hefðbundinni og lögbundinni þjónustu sveitarfélagsins. Tekjur A-hluta þurfa að standa undir rekstri og þjónustu, viðhaldi eigna ásamt greiðslubyrði skulda og skuldbindinga sem tilheyra A-hluta starfseminni.

A-hluti á ekki að reiða sig á afkomu B-hluta eða fjárhagslegan stuðning rekstrareininga í B-hluta og á að standa undir eigin skuldbindingum. Sömuleiðis á viðvarandi stuðningur A-hluta við B-hluta einingar að vera gagnsær og færður sem framlag hjá A-hluta.



## Húsnæðisskrifstofa

Ef  eining í B-hluta veitir þjónustu sem sveitarstjórn ákveður að greiða niður af félagslegum ástæðum ætti framlag A-hluta að færast með skýrum hætti sem kostnaður eða framlag í A-hluta fremur en að hallinn safnist upp sem skuld við A-hlutann.




## Hafnarfjarðarhöfn

Samkvæmt 16. gr. hafnalaga má einungis verja tekjum og eignum hafnar, sem rekin er af sveitarfélagi, í þágu hafnarinnar. Afgangur eða lausafé hafnarsjóðs er því ekki frjálst ráðstöfunarfé sveitarfélags og verður ekki nýtt til að fjármagna almenna starfsemi A-hluta.



## Vatnsveita Hafnarfjarðar

Ekki er gert ráð fyrir arðgreiðslum til A-hluta úr vatnsveitu sem rekin er sem B-hluta stofnun sveitarfélags, samanber lög um vatnsveitur sveitarfélaga. Fjármunum eininga sem fjármagnaðar eru með þjónustugjöldum verður ekki ráðstafað til A-hluta nema skýr lagaheimild sé fyrir tilfærslunni.



## Fráveita Hafnarfjarðar

Ekki er gert ráð fyrir arðgreiðslum til A-hluta úr fráveitu sem rekin er sem B-hluta stofnun sveitarfélags, samanber lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fjármunum eininga sem fjármagnaðar eru með þjónustugjöldum verður ekki ráðstafað til A-hluta nema skýr lagaheimild sé fyrir tilfærslunni.

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Hafnarfjarðarkaupstaður – B-hluta fyrirtæki

B-hluti samanstendur af fjárhagslega sjálfstæðum einingum sem eru almennt fjármagnaðar með þjónustugjöldum og öðrum sértekjum. Gjaldskrár B-hluta þurfa að byggjast á skýrri lagaheimild og rökstuddum langtímakostnaði þjónustunnar.
**A-hluti á ekki að reiða sig á afkomu B-hluta og B-hluta einingar eiga að geta staðið undir eigin skuldbindingum.**

| | Hlutverk | Áherslur í fjármálum | Fjárhagsleg sjálfbærni |
|---|---|---|---|
| **Hafnarfjarðarhöfn** | Rekstur og uppbygging hafna og hafnar-mannvirkja. Þjónusta við útgerðir og aðra notendur hafna í sveitarfélaginu. | Hafnargjöld og aðrar tekjur standi undir þjónustu, rekstri, viðhaldi, endurnýjun, stofnkostnaði og skuldbindingum hafnar. | Hafnarsjóður er fjárhagslega sjálfstæður, reksturinn hefur skilað afgangi og sjóðurinn stendur undir eigin fjárfestingum. |
| **Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar** | Eignarhald, rekstur og útleiga á félagslegu íbúðarhúsnæði í Hafnarfirði. | Leigutekjur og framlög vegna félagslegra markmiða standi undir rekstri, viðhaldi, fjármögnun og endurnýjun eignasafns. | Tekjur Húsnæðisskrifstofu hafa ekki nægt til greiðslu afborgana af lánum. Stofnunin er í skuld við A-hluta sveitarfélagsins. |
| **Vatnsveita Hafnarfjarðar** | Öflun og dreifing neysluvatns, uppbygging og rekstur á vatnsveitukerfi í Hafnarfirði. | Gjaldskrá standi undir rekstri, viðhaldi, endurnýjun, fjárfestingum og skuldbindingum vatnsveitunnar. | Fjármunamyndun í rekstri vatnsveitu hefur verið umfram fjárþörf til afborgana og fjárfestinga. |
| **Fráveita Hafnarfjarðar** | Uppbygging og rekstur á fráveitukerfi í Hafnarfirði, þar á meðal hreinsibúnaði og dælustöðvum | Langtímakostnaður kerfisins, umhverfiskröfur, viðhald og endurnýjun endurspeglist í fjármögnun og gjaldskrá. | Fjármunamyndun í rekstri fráveitu hefur verið umfram fjárþörf til afborgana og fjárfestinga. |
| **Samrekstur - Strætó og Sorpa** | Hlutdeild sveitarfélagsins í rekstri, efnahag og sjóðstreymi byggðasamlaga um Strætó og Sorpu færist í B-hluta reikningsskila. | Byggðasamlög í samrekstri sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Fjárhagslega sjálfstæðar einingar með sjálfstæða stjórn. | Hafnarfjarðarbær greiðir rekstrarframlög til byggðasamlaganna. Hlutdeild í áætlunum og ársreikningum færð hjá sveitarfélaginu. |

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Verkefnið í hnotskurn

**Styðja við vöxt og stuðla að sjálfbærni**
Markviss stýring fjármála

**Rýni á gildandi áætlunum og nýjustu fjárhagsupplýsingum**
Greining á tækifærum til úrbóta í rekstri

**Aðgerðir og ákvarðanir sem styðja við fjárhagsleg markmið**
Taka stjórn á því sem hægt er að stýra





**Stefna, markmið og áherslur**
Framtíðarsýn og mótun fjárhagslegra markmiða

**Horfa bæði til skamms og langs tíma**
Sviðsmyndir og langtímaáætlun

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

# Áhersluatriði næstu mánuði

Stilla þarf upp stefnumiðaðri aðgerðaáætlun sem skilgreinir skýr mælanleg markmið og lykilvörður inn í framtíðina, samþættir ákvarðanir við starfsemi sveitarfélagsins auk þess að ýta undir samstillta og markvissa stjórnun aðgerða og breytinga.




© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

kpmg.com

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

© 2026 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.